

Stjórnarfundur TSÍ þann 18.02.2009 kl 12:00 – 13:00

Mættir voru Gunnar, Ingólfur, Jónas, Rakel og Skjöldur

1. Aðild að Evrópska tennissambandinu (ETA)

Ekki liggur fyrir hvað fór fram á fundi ETA 14.febrúar síðastliðinn þar sem málefni TSÍ áttu að vera tekin fyrir. Stjórnarmenn vildu fá frekari upplýsingar áður en ákvörðun yrði tekin því var ákveðið með að bíða með að taka ákvörðun um ETA aðild þangað til frekari upplýsingar liggja fyrir. Þær upplýsingar sem stjórnarmenn vilja fá að vita eru m.a.

- a) Þarf TSÍ að borga fyrir árið 2009 ef það segir sig úr sambandinu núna
- b) Getum við verið áfram aðilar að sambandinu árið 2009 án þess að greiða árgjaldið vegna sérstakra kringumstæðna
- c) Getum við haldið Evrópumót U14/U16 í sumar ef við verðum áfram aðilar að sambandinu
- d) Getum við haldið Evrópumót U14/U16 í sumar ef við verðum EKKI áfram aðilar að sambandinu

2. Davis Cup/Fed Cup

Ákveðið var að skipulögð yrði keppni fyrir leikmenn sem gefa kost á sér í Fed Cup og Davis Cup og valið yrði í landsliðið eftir styrkleikaröð, þ.e. sá sem vinnur flesta leiki er fyrstur inn í liðið, næst flesta leiki er næstur inn í liðið o.s.frv. Þá er möguleika haldið opnum á að senda fjóra leikmenn í stað þriggja.

3. Keppnisferð ungmenna í sumar

Ræddir voru tveir möguleikar á keppnisferð ungmenna í sumar. Annars vegar að fara til Frankfurts í Þýskaland, hins vegar að fara til Frakklands. Þýskalandsferðin er ekki bundin við maí og getur verið á öðrum tíma í sumar þar sem flestir eru enn í skóla í maí. Jónas sagði frá því að e.t.v. myndi Andri vera staðsettur í íbúð foreldra Kjartans í sumar og þá væri möguleiki á því að senda krakka þangað sem gætu e.t.v. gist í íbúðinni. Einnig nefndi Jónas að mótin væru aldurs- og styrkleikaskipt í Frakklandi og því gæti hver fengið mót við sitt hæfi. Ákveðið var að bíða með að taka ákvörðun um þetta þangað til Andri kæmi heim frá Frakklandi þar sem hann mun kanna aðstæður.

Ákveðið var að takmarka þessa ferð ekki við neinn ákveðinn aldur og að eldri tennisspilarar gætu haft möguleika á að fara með í þessa ferð. Þeir eldri tennisspilarar sem voru nefndir eru: Birkir, Sandra Dís, Hjalti, Eiríkur, Hafsteinn og Magnús. Stjórnarmenn töldu svo ráðlegt að til að velja leikmenn í þessa ferð myndi samráð vera haft við þjálfara.

4. Greiðslur til allra sem hafa og munu taka að sér verkefni fyrir TSÍ

Gjaldkeri hefur umsjón með þessum greiðslum og mun greiða fyrir verkefni hlutfallslega jafnt með þeim fyrirvara að innistæða sé á reikningi TSÍ. Ákveðið var að Ingólfur og Skjöldur sjái um að búa til samning (samkomulag) við framkvæmdastjóra.

5. Kanna hvers vegna Kjartan fékk ekki styrk frá styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra ÍSÍ

Stjórnarmenn vilja fá að vita hvernig stendur á því að Eirdís og Rafn Kumar fengu styrk en ekki Kjartan þar sem sameiginleg umsókn var send fyrir þau þrjú. Rætt var um að e.t.v. hefði átt að senda fleiri styrkumsóknir inn. Skjöldur tók að sér að tala við Andra og í framhaldi af því Líney og Ólaf til að athuga hvernig stæði á því að Kjartan fékk ekki styrk og styrki varðandi Fed Cup og Davis Cup. Önnur úthlutun mun eiga sér stað í maí og var ákveðið að sótt yrði um styrki fyrir Fed Cup og Davis Cup þá. Einnig ætlar Skjöldur að kanna hvort aldursbil á styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra sé fast fyrir hvert ár eða breytilegt.

6. Ársþing 2009

Ákveðið var að ársþing TSÍ yrði þriðjudaginn 14.apríl 2009. Skjöldur sendir út tilkynningu um ársþingið.

7. Heimasíða TSÍ

Ákveðið var að Rakel myndi taka yfir rekstur heimasíðu TSÍ. Rakel og Ingólfur munu boða fund með Raj til að yfirtaka síðuna.

8. Mótaröð 2009

Ingólfur gerði grein fyrir áætluðum mótum í sumar og ákveðið var að Íslandsmót utanhúss yrði fært og yrði 12.-15. júní í ár. Það væri svo hægt að endurskoða og meta á næsta ári hvort þessi dagsetning hentaði betur en í byrjun ágúst líkt og Íslandsmót utanhúss hefur verið haldið síðastliðin ár.

Mótanefnd kom með tillögu um að árshátíð TSÍ yrði 12.september og verðlaunaafhending sumarmóta yrði hluti af dagskránni. Þessi tillaga var samþykkt.

9. Önnur mál

Ákveðið var að TSÍ myndi mynda sameiginlega stefnu um að Reykjavíkurfélögin fái Tennishöll í Reykjavík sem væri hægt að leggja fyrir ársþingið.

Rakel benti á að það væri eðlilegt að TSÍ ætti og myndi halda utan um Íslandsmeistara í meistaraflokki karla og kvenna í einliða-, tvíliða- og tvenndarflokki frá upphafi. Einnig að það væri mikilvægt að saga TSÍ og tennisins yrðu skráð hið fyrsta áður en það yrði of seint. Ákveðið var að Rakel myndi byrja á því að ræða við Margréti Svavarsdóttir um þessa gagnasöfnun.

Kveðja,
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ